



Þvagleggur fjarlægður heima

kvennadeildir

Fyrir heimferð eru gefnar upplýsingar um hvenær á að fjarlægja þvaglegginn.

Best er að fjarlægja þvaglegginn fyrir klukkan 08:30 að morgni dags.

Undirbúningur

- Tæma þvagpoka í salerni
- Þvo hendur

Þvagleggur fjarlægður

Til að hægt sé að fjarlægja þvaglegg þarf fyrst að tæma belginn sem heldur honum í þvagblöðrunni. Belgurinn er fullur af vatni.

1. Belgurinn er tæmdur með því að setja sprautu í hliðarstútinn á þvagleggnum og draga vatnið varlega út. Þrýsta þarf sprautunni vel inn í stútinn. Ef sprautan fyllist gæti þurft að endurtaka þetta til að vera viss um að belgurinn sé alveg tómur. Yfirleitt eru 10 ml af vatni í belgnum en geta þó verið 5-40 ml.
2. Slaka á grindarbotnsvöðvum eins og við þvaglát og draga þvaglegginn varlega út. Ekki má beita afli við að toga hann út.
3. Henda þvaglegg og þvagpoka í almennt sorp.
4. Þvo hendur.



Eftir að þvagleggur hefur verið fjarlægður

Það er eðlilegt að finna fyrir þvaglátsþörf um leið og leggur er fjarlægður. Búast má við þvaglátum eftir um þrjár klukkustundir. Ef engin þvaglátsþörf er til staðar eftir þann tíma er ráðlegt að reyna að hafa þvaglát. Fyrstu þvaglát geta verið óþægileg en eftir það verða þvaglátin eins og áður.

Eftir að þvagleggur hefur verið fjarlægður þarf að fylgjast með hvort þvagblaðran tæmist og er því bókaður tími samdægurs á göngudeild í afgangsmælingu. Magn þvags er mælt eftir að þú pissar og innihald þvagblöðru mælt strax á eftir með ómtæki. Ráðlagt er að drekka 500-700 ml af vökva áður en komið er í endurkomutímann.

Tími er bókaður á kvenlækningadeild 21A eða meðgönguvernd 22B:

Dagsetning _____ klukkan _____

Símanúmer

- Móttaka kvenlækningadeildar 21A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga frá 08:00-16:00, sími 543 3224.
- Meðgönguvernd 22B á 2. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga frá 08:00-16:00, sími 543 3253.